

		A	B
		Kr/Stk	Kr/Kg
8902	Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:		
	– Vélskip:		
	-- Meira en 250 rúmlestir:		
8902.0011	---- Notuð		26,00
8902.0019	---- Önnur		26,00
	-- Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:		
8902.0021	---- Notuð		26,00
8902.0029	---- Önnur		26,00
	-- 10 til og með 100 rúmlestir:		
8902.0031	---- Notuð		26,00
8902.0039	---- Önnur		26,00
	-- Önnur:		
8902.0041	---- Notuð		26,00
8902.0049	---- Annars		26,00
	– Önnur:		
8902.0091	-- Notuð		26,00
8902.0099	-- Annars		26,00
8903	Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:		
	– Annað:		
8903.9200	-- Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél		26,00
8904	8904.0000 Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum		26,00
8905	Vitaskip, slökkviskip, dýpkunarskip, flotkranar, og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:		
8905.1000	– Dýpkunarskip		26,00
8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar ..		26,00
	– Annað:		
8905.9009	-- Annars		26,00
8906	8906.0000 Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar		26,00
8908	8908.0000 För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs		26,00

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 349, 25. júní 1996, um loðnuveiðar 1996/1997.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á loðnuvertíðinni 1996/1997, sbr. 1. gr., er íslenskum fiskiskipum heimilt að veiða 1.277.000 lestir af loðnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. febrúar 1997.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

14. febrúar 1997

Nr. 160

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og styrktarsjóð Knattspyrnufélagsins Hauka.

1. gr.

Sjóðurinn er upphaflega stofnaður af ættingjum og vinum Garðars S. Gíslasonar þann 12. apríl 1976, sem leggur til þessum nýja sjóði sjóðinnistæðu sína, nú kr. 516.192,85, sem er stofnframlag.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir, sala minningarkorta, áheiti og gjafir er berast sjóðnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita Haukafélögum stuðning til iðkunar íþróttá og félagslegrar aðstöðu svo og að styrkja uppbyggingu félagssvæðis á Ásvöllum.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu aðalstjórnar Hauka sem kýs honum stjórn. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Knattspyrnufélagsins Hauka ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðendum Knattspyrnufélagsins Hauka. Bókhaldsár sjóðsins skal vera hið sama og aðalstjórnar félagsins.

Sjóðinn skal ávaxta í verðtryggðum skuldabréfum eða á annan jafn arðbæran og tryggan hátt. Aldrei má veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann og stofnfé skal ávallt haldast óbreytt.

5. gr.

Því aðeins er hægt að leggja sjóðinn niður, að allir stjórnarmenn hans samþykki það svo og meirihluti aðalstjórnar félagsins og aðalfundur félagsins.

Verði ákveðið að leggja sjóðinn niður skulu eigur hans renna til Knattspyrnufélagsins Hauka og skulu þær notaðar til styrktar starfi yngstu meðlima félagsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, kosnum af stjórn Hauka. Einn skal hafa prókúrumboð á fjárreiðum sjóðsins, annar vera ritari og þriðji meðstjórnandi. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn. Í fyrsta sinn 1995.

Fyrir 30. júní ár hvert skal senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næst liðið starfsár, sbr. lög nr. 19 frá 1988.